

Umhverfisráðsfundur barna (annar fundur) 8. nóvember 2016



Fundarmenn eru elstu börnin í Lundi, Prestir.

Anna Borg, leikskólastjóri, fundarstjóri og Fríða Ragnarsdóttir, kennari og ritari fundarins og Berglind Jónsdóttir leikskólakennari, aðstoðarmaður fundarins og ábyrgðarmaður fyrir eftirliti á deildum.

Dagskrá fundar:

Umræður: Flokka rusl

Horfa á mynd um Trjálfana í skóginum og Góða hirðinum.

Fundargerð:

1. Börnin minnt á Bínu-reglurnar: sitja með hendur og fætur hjá sér, hlusta, bíða þar til röðin er komin að þér og fundarregluna að rétta upp hönd til að fá orðið. Allir fengu umhverfisráðherramerki í barminn og sátu við borð.
2. Rifjað upp verkefni frá síðasta fundi: hvað fer í bláutunnuna heima?
Það voru ekki allir að skila inn verkefninu en þeir sem það gerðu stóðu sig frábærlega í flokkun og skilun á allskonar pappír sem fór í bláu tunnuna heima. Allir voru síðan hvattir til að halda áfram og hinir að vera dugleg að flokka pappír og setja í bláu tunnuna.
3. Setjum við allt rusl í eina fötu á Norðurbergi?
Nei aldeilis ekki. Við flokkum mjög mikið sem endar svo í Sorpu. Börnin höfðu farið í heimsókn í vikunni á undan í Sorpu og sáu hvað varð um flokkunina okkar. Börnin tjáðu sig sérlega um Herkúles, risahakkavél sem hakkar niður timbur, húsgöng og annað mikilfenglegt og stórt úr timbri!!
4. Hvað er það sem við flokkum á Norðurbergi?
Skoðuðum flokkunarkassa sem eru í Lundi. Fórum lauslega í gegnum okkar eigin flokkun og hvað er endurunnið. Þau stóðu sig einsog háskólamenntuð, vissu allt um endurvinnsluna.
5. Hvernig gekk síðasta eftirlit umhverfisráðherra?
Elín Elísabet og Shameel fóru í eftirlit um leikskólann og stóðu sig flestir mjög vel og fengu broskalla nema Anna Borg (þau voru mjög hneyskluð) hún hafði gleymt að slökkva á lampa við tölvuna þegar hún yfirgaf skrifstofuna. Anna Borg lofaði bót og betrun fyrir næsta eftirlit enda vill hún ekki fá fýlukalla!
6. Hvaða umhverfisráðherrar fara í eftirlit næst?
Bríet og Óli Hrannar fara í næsta eftirlit í desember/janúar.
Önnur mál
Rifjuðum upp táknið í Grænfánanum og var Óli Hrannar aðstoðarmaður Önnu Borgar í því. Fundarmenn voru alveg með það á hreinu hvað myndin á

fánuanum táknaði.

7. Horfum á Trjáálfana, hvert þeir fóru með ruslið sem þeir höfðu tínt saman í poka og hvar þeir keyptu notuð húsgögn.

Fundi slitið!

Ritari fundarins
Fríða Ragnarsdóttir